3. Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:
  6. „Mengunartjón“ merkir:
    - a) tjón eða skaða sem hlýst utan skipsins af völdum óhreinunar sem stafar af leka eða losun olíu úr skipinu, hvar sem slíkur leki eða losun kann að eiga sér stað, að því tilskildu að bætur fyrir umhverfistjón, að undanskildu tekjutapi vegna slíks tjóns, takmarkast við kostnað vegna sanngjarnra ráðstafana sem í raun eru eða verða gerðar til úrbóta;
    - b) kostnað vegna forvarnarráðstafana og frekara tjón eða skaða sem hlýst af slíkum ráðstöfunum.
4. Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:
  8. „Atburður“ merkir atvik, eða röð atvika af sömu rótum, sem veldur mengunartjóni eða skapar alvarlega og yfirvofandi hættu á að valda slíku tjóni.
5. Í stað 9. mgr. kemur eftirfarandi:
  9. „Stofnunin“ merkir Alþjóðasiglingamálastofnunina.
6. Á eftir 9. mgr. kemur ný málsgrein sem hér segir:
  10. „Ábyrgðarsamningurinn frá 1969“ merkir alþjóðasamninginn um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar frá 1969. Að því er varðar aðildarríki að bókuninni frá 1976 við þann samning telst slík tilvísun taka til ábyrgðarsamningsins frá 1969 eins og honum var breytt með þeirri bókun.

## Article 2

Article I of the 1969 Liability Convention is amended as follows:

1. Paragraph 1 is replaced by the following text:
  1. “Ship” means any sea-going vessel and seaborne craft of any type whatsoever constructed or adapted for the carriage of oil in bulk as cargo, provided that a ship capable of carrying oil and other cargoes shall be regarded as a ship only when it is actually carrying oil in bulk as cargo and during any voyage following such carriage unless it is proved that it has no residues of such carriage of oil in bulk aboard.
2. Paragraph 5 is replaced by the following text:
  5. “Oil” means any persistent hydrocarbon mineral oil such as crude oil, fuel oil, heavy diesel oil and lubricating oil, whether carried on board a ship as cargo or in the bunkers of such a ship.
3. Paragraph 6 is replaced by the following text:
  6. “Pollution damage” means:
    - (a) loss or damage caused outside the ship by contamination resulting from the escape or discharge of oil from the ship, wherever such escape or discharge may occur, provided that compensation for impairment of the environment other than loss of profit from such impairment shall be limited to costs of reasonable measures of reinstatement actually undertaken or to be undertaken;
    - (b) the costs of preventive measures and further loss or damage caused by preventive measures.
4. Paragraph 8 is replaced by the following text:
  8. “Incident” means any occurrence, or series of occurrences having the same origin, which causes pollution damage or creates a grave and imminent threat of causing such damage.
5. Paragraph 9 is replaced by the following text:
  9. “Organization” means the International Maritime Organization.
6. After paragraph 9 a new paragraph is inserted reading as follows:
  10. “1969 Liability Convention” means the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, 1969. For States Parties to the Protocol of 1976 to that Convention, the term shall be deemed to include the 1969 Liability Convention as amended by that Protocol.

## 3. gr.

Í stað 2. gr. ábyrgðarsamningsins frá 1969 kemur eftirfarandi:

Þessi samningur skal eingöngu taka til:

- a) mengunartjóns
- i) á yfirráðasvæði samningsríkis, að meðtalinni landhelgi þess, og
- ii) í sérefnahagslögsögu samningsríkis, sem komið er á í samræmi við þjóðarétt, eða, hafi samningsríkið ekki komið slíku svæði á, á svæði sem er utan við og liggur að landhelgi viðkomandi ríkis sem það ríki hefur ákvarðað í samræmi við þjóðarétt og sem nær ekki lengra en 200 sjómílur frá grunnlínunum þeim sem víðátta landhelginnar er mæld frá;

b) forvarnarráðstafana, hvar sem þær eru gerðar, til að koma í veg fyrir slíkt tjón eða draða sem mest úr því.

## 4. gr.

Ákvæðum 3. gr. ábyrgðarsamningsins frá 1969 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:
  1. Nema ákvæði 2. og 3. mgr. þessarar greinar eigi við skal eigandi skips á þeim tíma er atburður á sér stað, eða, þegar atburðurinn er röð atvika, á þeim tíma er hið fyrsta atvik bar að höndum, vera ábyrgur vegna mengunartjóns af völdum skips sem er afleiðing atburðarins.
2. Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:
  4. Engar skaðabótakröfur vegna mengunartjóns skulu gerðar á hendur eiganda öðruvísi en í samræmi við þennan samning. Með fyrirvara um 5. mgr. þessarar greinar er engin krafa að því er mengunartjón samkvæmt þessum samningi varðar, eða á öðrum grundvelli, heimil á hendur:
    - a) þeim sem eru í þjónustu eiganda eða umboðsmönnum hans eða áhafnarmedlimum;
    - b) hafnsögumanni eða öðrum sem, enda þótt þeir séu ekki áhafnarmedlimir, inna af hendi þjónustu við skipið;
    - c) leigutaka (hverju nafni sem nefnist, þar með talinn þurrleigutaki), framkvæmdastjóra eða útgerðarstjóra skips;
    - d) þeim sem framkvæmir björgunaraðgerðir með samþykki eiganda eða samkvæmt fyrir-mælum lögbærs opinbers yfirvalds;
    - e) þeim sem gerir forvarnarráðstafanir;
    - f) þeim sem eru í þjónustu eða eru umboðsmenn þeirra sem um getur í c-, d- og e-liðum;

## Article 3

Article II of the 1969 Liability Convention is replaced by the following text:

This Convention shall apply exclusively:

- (a) to pollution damage caused:
  - (i) in the territory, including the territorial sea, of a Contracting State, and
  - (ii) in the exclusive economic zone of a Contracting State, established in accordance with international law, or, if a Contracting State has not established such a zone, in an area beyond and adjacent to the territorial sea of that State determined by that State in accordance with international law and extending not more than 200 nautical miles from the baselines from which the breadth of its territorial sea is measured;
- (b) to preventive measures, wherever taken, to prevent or minimize such damage.

## Article 4

Article III of the 1969 Liability Convention is amended as follows:

1. Paragraph 1 is replaced by the following text:
  1. Except as provided in paragraphs 2 and 3 of this Article, the owner of a ship at the time of an incident, or, where the incident consists of a series of occurrences, at the time of the first such occurrence, shall be liable for any pollution damage caused by the ship as a result of the incident.
2. Paragraph 4 is replaced by the following text:
  4. No claim for compensation for pollution damage may be made against the owner otherwise than in accordance with this Convention. Subject to paragraph 5 of this Article, no claim for compensation for pollution damage under this Convention or otherwise may be made against:
    - (a) the servants or agents of the owner or the members of the crew;
    - (b) the pilot or any other person who, without being a member of the crew, performs services for the ship;
    - (c) any charterer (howsoever described, including a bareboat charterer), manager or operator of the ship;
    - (d) any person performing salvage operations with the consent of the owner or on the instructions of a competent public authority;
    - (e) any person taking preventive measures;
    - (f) all servants or agents of persons mentioned in subparagraphs (c), (d) and (e);

nema tjónið hafi stafað af verknaði eða vanrækslu þeirra í þeim tilgangi að valda slíku tjóni eða hafi hlotist af skeytingarleysi þegar vitað var að slíkt tjón myndi líklega hljóta af.

## 5. gr.

Í stað 4. gr. ábyrgðarsamningsins frá 1969 kemur eftirfarandi:

Þegar atburður á sér stað sem hefur í för með sér mengunartjón og tvö eða fleiri skip koma við sögu skulu eigendur allra skipanna sem í hlut eiga, nema þeir séu undanleystir samkvæmt 3. gr., bera ábyrgð einn fyrir alla og allir fyrir einn á öllu því tjóni sem ekki verður skipt með sanngirni.

## 6. gr.

Ákvæðum 5. gr. ábyrgðarsamningsins frá 1969 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:
  1. Eiganda skips skal frjálst að takmarka ábyrgð sína samkvæmt þessum samningi, að því er varðar hvern einstakan atburð, við heildarfjárhæð sem er reiknuð á eftirfarandi hátt:
    - a) 3 milljón reiknieiningar fyrir skip sem fer ekki yfir 5.000 tonnaeiningar;
    - b) fyrir skip með meiri tonna fjölda, 420 reiknieiningar til viðbótar fjárhæðinni sem um getur í a-lið fyrir hverja tonnaeiningu til viðbótar;
 þó að því tilskildu að heildarfjárhæðin fari í engu tilviki yfir 59,7 milljón reiknieiningar.
2. Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:
  2. Eigandi skips skal ekki eiga rétt á að takmarka ábyrgð sína samkvæmt þessum samningi ef sönnur eru færðar á að mengunartjónið hafi stafað af verknaði eða vanrækslu hans í þeim tilgangi að valda slíku tjóni, eða hafi stafað af skeytingarleysi þegar vitað var að slíkt tjón myndi líklega hljóta af.
3. Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:
  3. Í því skyni að notfæra sér þau hlunnindi sem fylgja takmörkun þeirri sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar skal eigandinn leggja fram tryggingarfé, er nemi þeirri heildarfjárhæð sem ábyrgð hans takmarkast við, í vörslu dómstóls eða annars lögbærs yfirvalds einhvers eins samningsríkjanna þar sem mál er höfðað samkvæmt 9. gr. Ef ekki er um málshöfðun að ræða skal tryggingarfé

unless the damage resulted from their personal act or omission, committed with the intent to cause such damage, or recklessly and with knowledge that such damage would probably result.

## Article 5

Article IV of the 1969 Liability Convention is replaced by the following text:

When an incident involving two or more ships occurs and pollution damage results therefrom, the owners of all the ships concerned, unless exonerated under Article III, shall be jointly and severally liable for all such damage which is not reasonably separable.

## Article 6

Article V of the 1969 Liability Convention is amended as follows:

1. Paragraph 1 is replaced by the following text:
  1. The owner of a ship shall be entitled to limit his liability under this Convention in respect of any one incident to an aggregate amount calculated as follows:
    - (a) 3 million units of account for a ship not exceeding 5,000 units of tonnage;
    - (b) for a ship with a tonnage in excess thereof, for each additional unit of tonnage, 420 units of account in addition to the amount mentioned in subparagraph (a);
 provided, however, that this aggregate amount shall not in any event exceed 59.7 million units of account.
2. Paragraph 2 is replaced by the following text:
  2. The owner shall not be entitled to limit his liability under this Convention if it is proved that the pollution damage resulted from his personal act or omission, committed with the intent to cause such damage, or recklessly and with knowledge that such damage would probably result.
3. Paragraph 3 is replaced by the following text:
  3. For the purpose of availing himself of the benefit of limitation provided for in paragraph 1 of this Article the owner shall constitute a fund for the total sum representing the limit of his liability with the Court or other competent authority of any one of the Contracting States in which action is brought under Article IX or, if no action is brought, with any Court or other competent

ingarféð lagt fram hjá hvaða dómstól sem er eða einhverju öðru lögbæru yfirvaldi í einhverju einu samningsríkjanna þar sem unnt er að höfða mál samkvæmt 9. gr. Trygginguna má setja annaðhvort með því að afhenda fjárhæðina til geymslu eða með því að leggja fram bankaábyrgð eða aðra ábyrgð, sem er samkvæmt lögum þess samningsríkis þar sem tryggingarféð er lagt fram, og sem dómstóllinn eða annað lögbært yfirvald telur fullnægjandi.

4. Í stað 9. mgr. kemur eftirfarandi:

9. a) „Reiknieiningin“ sem vísað er til í 1. mgr. þessarar greinar er sérstök dráttarheimild (SDR) sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn skilgreinir. Fjárhæðirnar sem um getur í 1. mgr. ber að umreikna í innlendan gjaldmiðil á verðmætagrundi gjaldmiðilsins með tilvísun til hinnar sérstöku dráttarheimildar á þeim degi er tryggingarféð sem um getur í 3. mgr. er lagt fram. Verðmæti innlenda gjaldmiðilsins, með tilliti til hinnar sérstöku dráttarheimildar, í samningsríki sem er aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum skal reiknað út í samræmi við það verðmætamat sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn styðst við í viðskiptum sínum og er í gildi á viðkomandi degi. Verðmæti innlends gjaldmiðils, með tilliti til hinnar sérstöku dráttarheimildar, í samningsríki sem ekki er aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum skal reiknað út á þann hátt sem viðkomandi ríki ákvarðar.

9. b) Samningsríki, sem ekki er aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og þar sem lög heimila ekki að ákvæðum a-liðar 9. mgr. sé beitt, er samt sem áður, á þeim tíma er fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild að þessum samningi fer fram eða síðar, heimilt að lýsa því yfir að reiknieiningin sem um getur í a-lið 9. mgr. skuli jafngilda 15 gullfrönkum. Gullfrankinn sem um getur í þessari grein samsvarar sextíu og fimm og hálfu milligrammi gulls sem er að 900/1000 hlutum skírt gull. Umreikningur gullfrankans í innlendan gjaldmiðil skal vera í samræmi við lög viðkomandi ríkis.

9. c) Útreikningurinn sem um getur í síðasta málslið a-liðar 9. mgr. og umreikningurinn sem um getur í b-lið 9. mgr. skal vera þannig að raungildi innlenda gjaldmiðilsins í samningsríkinu gefi til kynna, eftir því sem

authority in any one of the Contracting States in which an action can be brought under Article IX. The fund can be constituted either by depositing the sum or by producing a bank guarantee or other guarantee, acceptable under the legislation of the Contracting State where the fund is constituted, and considered to be adequate by the Court or other competent authority.

4. Paragraph 9 is replaced by the following text:

9. (a) The “unit of account” referred to in paragraph 1 of this Article is the Special Drawing Right as defined by the International Monetary Fund. The amounts mentioned in paragraph 1 shall be converted into national currency on the basis of the value of that currency by reference to the Special Drawing Right on the date of the constitution of the fund referred to in paragraph 3. The value of the national currency, in terms of the Special Drawing Right, of a Contracting State which is a member of the International Monetary Fund shall be calculated in accordance with the method of valuation applied by the International Monetary Fund in effect on the date in question for its operations and transactions. The value of the national currency, in terms of the Special Drawing Right, of a Contracting State which is not a member of the International Monetary Fund shall be calculated in a manner determined by that State.

9. (b) Nevertheless, a Contracting State which is not a member of the International Monetary Fund and whose law does not permit the application of the provisions of paragraph 9 (a) may, at the time of ratification, acceptance, approval of or accession to this Convention or at any time thereafter, declare that the unit of account referred to in paragraph 9 (a) shall be equal to 15 gold francs. The gold franc referred to in this paragraph corresponds to sixty-five and a half milligrammes of gold of millesimal fineness nine hundred. The conversion of the gold franc into the national currency shall be made according to the law of the State concerned.

9. (c) The calculation mentioned in the last sentence of paragraph 9 (a) and the conversion mentioned in paragraph 9 (b) shall be made in such manner as to express in the national currency of the Contracting State as

unnt er, sama raungildi fjárhæðanna í 1. mgr. og fengist með því að beita þremur fyrstu málsliðum a-liðar 9. mgr. Samningsríki skulu gera vörsluaðila grein fyrir útreikningsaðferðinni samkvæmt a-lið 9. mgr. eða niðurstöðu umreiknings b-liðar 9. mgr., eftir því sem við á, þegar skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild að þessum samningi er afhent til vörslu og hvenær sem breyting kann að verða á öðru hvoru.

5. Í stað 10. mgr. kemur eftirfarandi:

10. Að því er þessa grein varðar skal heildartonnafjöldi reiknaður út í samræmi við skipamælingareglur sem eru tilgreindar í I. viðauka við alþjóðasamninginn um mælingar skipa frá 1969.

6. Í stað annars málsliðar 11. mgr. kemur eftirfarandi:

Slíkt tryggingarfé er heimilt að leggja fram jafnvel þótt eigandinn, samkvæmt ákvæðum 2. mgr., eigi ekki rétt á að takmarka ábyrgð sína, en í því tilviki skal framlagning fjárens ekki skerða rétt neins kröfuhafa gagnvart eiganda.

#### 7. gr.

Ákvæðum 7. gr. ábyrgðarsamningsins frá 1969 er breytt sem hér segir:

1. Í stað tveggja fyrstu málsliða 2. mgr. kemur eftirfarandi:

Vottorð sem staðfestir að vátrygging eða önnur fjárhagsleg trygging sé í gildi samkvæmt ákvæðum þessa samnings skal gefið út fyrir hvert skip, eftir að hlutaðeigandi yfirvald samningsríkis hefur fullvissað sig um að ákvæði 1. mgr. hafi verið uppfyllt. Að því er varðar skip sem er skráð í samningsríki skal slíkt vottorð gefið út eða staðfest af hlutaðeigandi yfirvaldi þess ríkis þar sem skipið er skráð. Að því er varðar skip sem ekki er skráð í samningsríki er hlutaðeigandi yfirvaldi í einhverju samningsríki heimilt að gefa út eða staðfesta slíkt vottorð.

2. Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

4. Vottorðið skal haft um borð í skipinu og afrit skal afhent yfirvöldunum til varðveislu sem geyma skráningarskjöl skipsins eða, ef skipið er ekki skráð í samningsríki, til varðveislu yfirvalda þess ríkis sem hefur gefið út eða staðfest vottorðið.

far as possible the same real value for the amounts in paragraph 1 as would result from the application of the first three sentences of paragraph 9 (a). Contracting States shall communicate to the depositary the manner of calculation pursuant to paragraph 9 (a), or the result of the conversion in paragraph 9 (b) as the case may be, when depositing an instrument of ratification, acceptance, approval of or accession to this Convention and whenever there is a change in either.

5. Paragraph 10 is replaced by the following text:

10. For the purpose of this Article the ships tonnage shall be the gross tonnage calculated in accordance with the tonnage measurement regulations contained in Annex I of the International Convention on Tonnage Measurement of Ships, 1969.

6. The second sentence of paragraph 11 is replaced by the following text:

Such a fund may be constituted even if, under the provisions of paragraph 2, the owner is not entitled to limit his liability, but its constitution shall in that case not prejudice the rights of any claimant against the owner.

#### Article 7

Article VII of the 1969 Liability Convention is amended as follows:

1. The first two sentences of paragraph 2 are replaced by the following text:

A certificate attesting that insurance or other financial security is in force in accordance with the provisions of this Convention shall be issued to each ship after the appropriate authority of a Contracting State has determined that the requirements of paragraph 1 have been complied with. With respect to a ship registered in a Contracting State such certificate shall be issued or certified by the appropriate authority of the State of the ship's registry; with respect to a ship not registered in a Contracting State it may be issued or certified by the appropriate authority of any Contracting State.

2. Paragraph 4 is replaced by the following text:

4. The certificate shall be carried on board the ship and a copy shall be deposited with the authorities who keep the record of the ship's registry or, if the ship is not registered in a Contracting State, with the authorities of the State issuing or certifying the certificate.

## 3. Í stað 1. msl. 7. mgr. kemur eftirfarandi:

Vottorð sem eru gefin út eða staðfest í umboði samningsríkis í samræmi við 2. mgr. skulu tekin gild af öðrum samningsríkjum að því er þennan samning varðar og skulu af öðrum samningsríkjum metin jafngild vottorðum sem eru gefin út eða staðfest af þeim, jafnvel þótt þau séu gefin út eða staðfest að því er varðar skip sem ekki er skráð í samningsríki.

## 4. Í 2. msl. 7. mgr. koma orðin „við það ríki sem hefur gefið út eða staðfest vottorðið“ í stað orðanna „við skráningarríki skips“.

## 5. Í stað 2. msl. 8. mgr. kemur eftirfarandi:

Í því tilviki er varnaraðila heimilt, jafnvel þótt eigandinn eigi ekki rétt á að takmarka ábyrgð sína samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 5. gr., að notfæra sér þau takmörk ábyrgðar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 5. gr.

## 8. gr.

Ákvæðum 9. gr. ábyrgðarsamningsins frá 1969 er breytt sem hér segir:

## Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

1. Þegar atburður hefur valdið mengunartjóni innan yfirráðasvæðis, að meðtalinni landhelgi eða svæði sem um getur í 2. gr., eins eða fleiri samningsríkja eða forvarnarráðstafanir hafa verið gerðar til að koma í veg fyrir eða draga sem mest úr mengunartjóni innan þess yfirráðasvæðis, að meðtalinni landhelgi eða svæðinu, má ekki höfða skaðabótamál nema fyrir dómstólum einhvers hlutaðeigandi samningsríkis eða samningsríkja. Varnaraðila skal tilkynnt um hverja slíka málshöfðun með hæfilegum fyrirvara.

## 9. gr.

Á eftir 12. gr. ábyrgðarsamningsins frá 1969 bætast við tvær nýjar greinar sem hér segir:

## 12. gr. bis

*Bráðabirgðaákvæði.*

Eftirfarandi bráðabirgðaákvæði skulu gilda að því er varðar ríki sem bæði er aðili að þessum samningi og ábyrgðarsamningnum frá 1969 þegar atburður á sér stað:

a) þegar atburður leiðir til mengunartjóns sem fellur undir þennan samning telst

## 3. The first sentence of paragraph 7 is replaced by the following text:

Certificates issued or certified under the authority of a Contracting State in accordance with paragraph 2 shall be accepted by other Contracting States for the purposes of this Convention and shall be regarded by other Contracting States as having the same force as certificates issued or certified by them even if issued or certified in respect of a ship not registered in a Contracting State.

## 4. In the second sentence of paragraph 7 the words “with the State of a ship’s registry” are replaced by the words “with the issuing or certifying State”.

## 5. The second sentence of paragraph 8 is replaced by the following text:

In such case the defendant may, even if the owner is not entitled to limit his liability according to Article V, paragraph 2, avail himself of the limits of liability prescribed in Article V, paragraph 1.

## Article 8

Article IX of the 1969 Liability Convention is amended as follows:

## Paragraph 1 is replaced by the following text:

1. Where an incident has caused pollution damage in the territory, including the territorial sea or an area referred to in Article II, of one or more Contracting States or preventive measures have been taken to prevent or minimize pollution damage in such territory including the territorial sea or area, actions for compensation may only be brought in the Courts of any such Contracting State or States. Reasonable notice of any such action shall be given to the defendant.

## Article 9

After Article XII of the 1969 Liability Convention two new Articles are inserted as follows:

## Article XII bis

*Transitional provisions*

The following transitional provisions shall apply in the case of a State which at the time of an incident is a Party both to this Convention and to the 1969 Liability Convention:

(a) where an incident has caused pollution damage within the scope of this Convention,

ábyrgð samkvæmt þessum samningi vera fallin úr gildi ef og að því marki sem um bótaábyrgð er að ræða samkvæmt ábyrgðarsamningnum frá 1969;

b) þegar atburður leiðir til mengunartjóns sem fellur undir þennan samning og ríkið er bæði aðili að þessum samningi og alþjóðasamningnum um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar frá 1971 skal ábyrgð sem er enn í gildi eftir að ákvæðum a-liðar þessarar greinar hefur verið beitt eingöngu falla undir þennan samning að því marki sem mengunartjónið hefur ekki verið bætt þegar ákvæðum samningsins frá 1971 hefur verið beitt;

c) þegar 4. mgr. 3. gr. í þessum samningi er beitt skal túlka orðalagið „þessi samningur“ sem tilvísun til þessa samnings eða ábyrgðarsamningsins frá 1969, eftir því sem við á;

d) þegar 3. mgr. 5. gr. í þessum samningi er beitt skal heildarfjárhæð þeirrar tryggingar sem ber að leggja fram lækkuð um þá fjárhæð er samsvarar þeirri ábyrgð sem telst hafa fallið úr gildi í samræmi við a-lið þessarar greinar.

#### 12. gr. ter

##### *Lokaákvæði.*

Lokaákvæði þessa samnings skulu vera 12.-18. gr. bókunarinnar frá 1992 um breytingu á ábyrgðarsamningnum frá 1969. Tilvísanir til samningsríkja í þessum samningi ber að líta á sem tilvísanir til samningsríkja þeirrar bókunar.

#### 10. gr.

Í stað þeirrar fyrirmyndar að vottorði sem fylgir ábyrgðarsamningnum frá 1969 kemur fyrirmyndin sem fylgir þessari bókun.

#### 11. gr.

1. Ábyrgðarsamninginn frá 1969 og þessa bókun skal, að því er aðila að bókuninni varðar, lesa saman og túlka sem einn gerning.

2. Ákvæði 1.-12. gr. ter, þar með talin fyrirmyndin að vottorðinu, í ábyrgðarsamningnum frá 1969, eins og honum er breytt með þessari bókun, skulu nefnast alþjóðasamningurinn um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar frá 1992 (ábyrgðarsamningurinn frá 1992).

liability under this Convention shall be deemed to be discharged if, and to the extent that, it also arises under the 1969 Liability Convention;

(b) where an incident has caused pollution damage within the scope of this Convention, and the State is a Party both to this Convention and to the International Convention on the Establishment of an International Fund for Compensation for Oil Pollution Damage, 1971, liability remaining to be discharged after the application of subparagraph (a) of this Article shall arise under this Convention only to the extent that pollution damage remains uncompensated after application of the said 1971 Convention;

(c) in the application of Article III, paragraph 4, of this Convention the expression “this Convention” shall be interpreted as referring to this Convention or the 1969 Liability Convention, as appropriate;

(d) in the application of Article V, paragraph 3, of this Convention the total sum of the fund to be constituted shall be reduced by the amount by which liability has been deemed to be discharged in accordance with subparagraph (a) of this Article.

#### Article XII ter

##### *Final clauses*

The final clauses of this Convention shall be Articles 12 to 18 of the Protocol of 1992 to amend the 1969 Liability Convention. References in this Convention to Contracting States shall be taken to mean references to the Contracting States of that Protocol.

#### Article 10

The model of a certificate annexed to the 1969 Liability Convention is replaced by the model annexed to this Protocol.

#### Article 11

1. The 1969 Liability Convention and this Protocol shall, as between the Parties to this Protocol, be read and interpreted together as one single instrument.

2. Articles I to XII ter, including the model certificate, of the 1969 Liability Convention as amended by this Protocol shall be known as the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, 1992 (1992 Liability Convention).

## LOKAÁKVÆÐI

## 12. gr.

*Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki og aðild.*

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja í Lundúnum frá 15. janúar 1993 til 14. janúar 1994.

2. Með fyrirvara um 4. mgr. getur hvaða ríki sem er gerst aðili að þessari bókun með:

a) undirritun með fyrirvara um fullgilding, staðfestingu eða samþykki, ásamt eftirfarandi fullgilding, staðfestingu eða samþykki; eða

b) aðild.

3. Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild skal fara fram með því að afhenda framkvæmdastjóra stofnunarinnar formlegt skjal þar að lúandi til vörslu.

4. Samningsríki alþjóðasamningsins um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar frá 1971, hér á eftir nefndur sjóðssamningurinn frá 1971, er einungis heimilt að fullgilda, staðfesta, samþykkja eða gerast aðili að þessari bókun ef það á sama tíma fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að bókuninni frá 1992 um breytingu á þeim samningi, nema það segi upp sjóðssamningnum frá 1971 frá þeim degi sem þessi bókun öðlast gildi að því er það ríki varðar.

5. Ríki sem er aðili að þessari bókun en ekki aðili að ábyrgðarsamningnum frá 1969 er bundið af ákvæðum ábyrgðarsamningsins frá 1969, eins og þeim er breytt með þessari bókun, að því er varðar önnur ríki sem eiga aðild að bókuninni, en er ekki bundið af ákvæðum ábyrgðarsamningsins frá 1969 að því er varðar ríki sem eiga aðild að samningnum.

6. Skjal um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild, sem er afhent eftir gildistöku breytingar á ábyrgðarsamningnum frá 1969, eins og honum er breytt með þessari bókun, skal teljast gilda um samninginn þannig breyttan, eins og hann er með áorðinni breytingu.

## 13. gr.

*Gildistaka.*

1. Bókun þessi skal öðlast gildi að tólf mánuðum liðnum frá þeim degi er tíu ríki, þar á meðal fjögur ríki með eigi minna en eina milljón brúttórúmlæstaeingar hvert, hafa afhent framkvæmdastjóra stofnunarinnar skjöl um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu.

2. Sérhverju samningsríki sjóðssamningsins frá 1971 er þó heimilt, er það afhendir skjal sitt

## FINAL CLAUSES

## Article 12

*Signature, ratification, acceptance, approval and accession*

1. This Protocol shall be open for signature at London from 15 January 1993 to 14 January 1994 by all States.

2. Subject to paragraph 4, any State may become a Party to this Protocol by:

(a) signature subject to ratification, acceptance or approval followed by ratification, acceptance or approval; or

(b) accession.

3. Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of a formal instrument to that effect with the Secretary-General of the Organization.

4. Any Contracting State to the International Convention on the Establishment of an International Fund for Compensation for Oil Pollution Damage, 1971, hereinafter referred to as the 1971 Fund Convention, may ratify, accept, approve or accede to this Protocol only if it ratifies, accepts, approves or accedes to the Protocol of 1992 to amend that Convention at the same time, unless it denounces the 1971 Fund Convention to take effect on the date when this Protocol enters into force for that State.

5. A State which is a Party to this Protocol but not a Party to the 1969 Liability Convention shall be bound by the provisions of the 1969 Liability Convention as amended by this Protocol in relation to other States Parties hereto, but shall not be bound by the provisions of the 1969 Liability Convention in relation to States Parties thereto.

6. Any instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited after the entry into force of an amendment to the 1969 Liability Convention as amended by this Protocol shall be deemed to apply to the Convention so amended, as modified by such amendment.

## Article 13

*Entry into force*

1. This Protocol shall enter into force twelve months following the date on which ten States including four States each with not less than one million units of gross tanker tonnage have deposited instruments of ratification, acceptance, approval or accession with the Secretary-General of the Organization.

2. However, any Contracting State to the 1971 Fund Convention may, at the time of the deposit



um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki þessarar bókunar eða aðild að henni til vörslu, að lýsa því yfir að slíkt skjal skuli ekki öðlast gildi að því er þessa grein varðar fyrr en í lok sex mánaða tímabilsins sem um getur í 31. gr. bókunarinnar frá 1992 um breytingu á sjóðssamningnum frá 1971. Ríki, sem ekki er samningsríki sjóðssamningsins frá 1971 en afhendir til vörslu skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild að bókuninni frá 1992 um breytingu á sjóðssamningnum frá 1971, er einnig heimilt að gefa yfirlýsingu í samræmi við þessa málsgrein á sama tíma.

3. Sérhverju ríki sem hefur gefið yfirlýsingu í samræmi við málsgreina hér að framan er heimilt að afturkalla hana hvenær sem er með tilkynningu til framkvæmdastjóra stofnunarinnar. Slík afturköllun öðlast gildi á þeim degi sem tilkynningin berst viðtakanda, að því tilskildu að slíkt ríki teljist hafa afhent skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild að þessari bókun til vörslu á þeim degi.

4. Að því er varðar sérhvert ríki, sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir bókunina eða gerist aðili að henni eftir að skilyrði 1. mgr. fyrir gildistöku hafa verið uppfyllt, öðlast þessi bókun gildi að liðnum tólf mánuðum frá því að að ríkið afhendir viðkomandi skjal til vörslu.

#### 14. gr.

##### *Endurskoðun og breytingar.*

1. Stofnuninni er heimilt að boða til ráðstefnu í þeim tilgangi að endurskoða eða breyta ábyrgðarsamningnum frá 1992.

2. Stofnunin skal boða til ráðstefnu samningsríkjanna í þeim tilgangi að endurskoða eða breyta ábyrgðarsamningnum frá 1992 að beiðni eigi minna en eins þriðja hluta samningsríkjanna.

#### 15. gr.

##### *Breytingar á fjárhæðum takmarkana.*

1. Að beiðni eigi minna en eins fjórða hluta samningsríkjanna skal framkvæmdastjórinn senda öllum meðlimum stofnunarinnar og öllum samningsríkjunum sérhverja tillögu um breytingu á takmörkunum ábyrgðar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 5. gr. ábyrgðarsamningsins frá 1969, eins og honum er breytt með þessari bókun.

2. Allar tillögur um breytingar sem eru sendar samkvæmt framansögðu skulu afhentar laganefnd stofnunarinnar til umfjöllunar þegar liðnir eru að minnsta kosti sex mánuðir frá sendingu þeirra.

of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession in respect of this Protocol, declare that such instrument shall be deemed not to be effective for the purposes of this Article until the end of the six-month period in Article 31 of the Protocol of 1992 to amend the 1971 Fund Convention. A State which is not a Contracting State to the 1971 Fund Convention but which deposits an instrument of ratification, acceptance, approval or accession in respect of the Protocol of 1992 to amend the 1971 Fund Convention may also make a declaration in accordance with this paragraph at the same time.

3. Any State which has made a declaration in accordance with the preceding paragraph may withdraw it at any time by means of a notification addressed to the Secretary-General of the Organization. Any such withdrawal shall take effect on the date the notification is received, provided that such State shall be deemed to have deposited its instrument of ratification, acceptance, approval or accession in respect of this Protocol on that date.

4. For any State which ratifies, accepts, approves or accedes to it after the conditions in paragraph 1 for entry into force have been met, this Protocol shall enter into force twelve months following the date of deposit by such State of the appropriate instrument.

#### Article 14

##### *Revision and amendment*

1. A Conference for the purpose of revising or amending the 1992 Liability Convention may be convened by the Organization.

2. The Organization shall convene a Conference of Contracting States for the purpose of revising or amending the 1992 Liability Convention at the request of not less than one third of the Contracting States.

#### Article 15

##### *Amendments of limitation amounts*

1. Upon the request of at least one quarter of the Contracting States any proposal to amend the limits of liability laid down in Article V, paragraph 1, of the 1969 Liability Convention as amended by this Protocol shall be circulated by the Secretary-General to all Members of the Organization and to all Contracting States.

2. Any amendment proposed and circulated as above shall be submitted to the Legal Committee of the Organization for consideration at a date at least six months after the date of its circulation.

3. Öll samningsríki ábyrgðarsamningsins frá 1969, eins og honum er breytt með þessari bókun, hvort sem þau eru meðlimir stofnunarinnar eða ekki, skulu eiga rétt á að taka þátt í málsmeðferð laganeftardarinnar við mat og samþykki á breytingum.

4. Breytingar skulu samþykktar af tveimur þriðju hlutum samningsríkja sem eru viðstödd og greiða atkvæði í laganeftardinni, stækkaðri eins og kveðið er á um í 3. mgr., með því skilyrði að helmingur samningsríkja hið minnsta sé viðstaddur atkvæðagreiðsluna.

5. Þegar fjallað er um tillögu til breytingar á takmörkunum skal laganeftardin taka tillit til reynslu af óhöppum, einkum umfangs þess tjóns er af þeim hlýst, breytinga á verðgildi gjaldmiðils og áhrifa sem fyrirhuguð breyting mun hafa á tryggingarfjárhæðina. Enn fremur skal nefndin taka tillit til sambandsins á milli takmarkana 1. mgr. 5. gr. ábyrgðarsamningsins frá 1969, eins og honum er breytt með þessari bókun, og takmarkana 4. mgr. 4. gr. alþjóðasamningsins frá 1992 um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar.

6. a) Ekki er heimilt að fjalla um breytingu á takmörkunum ábyrgðar samkvæmt þessari grein fyrir 15. janúar 1998 eða í fyrsta lagi fimm árum frá gildistöku fyrri breytingar samkvæmt þessari grein. Ekki er heimilt að fjalla um breytingu samkvæmt þessari grein áður en bókun þessi öðlast gildi.

b) Ekki er heimilt að hækka takmörkun svo að hún fari yfir fjárhæð sem samsvarar þeirri takmörkun sem mælt er fyrir um í ábyrgðarsamningnum frá 1969, eins og honum er breytt með þessari bókun, með 6 prósentu hækkan á ári reiknað út á uppsöfnuðum grunni frá 15. janúar 1993.

c) Ekki er heimilt að hækka takmörkun svo að hún fari yfir fjárhæð sem samsvarar þeirri takmörkun sem mælt er fyrir um í ábyrgðarsamningnum frá 1969, eins og honum er breytt með þessari bókun, margfaldaða með þremur.

7. Stofnunin skal tilkynna öllum samningsríkjum um sérhverja breytingu sem er samþykkt í samræmi við 4. mgr. Breytingin telst vera staðfest þegar átján mánuðir eru liðnir frá tilkynningardegi nema minnst einn fjórði hluti þeirra ríkja sem voru samningsríki á þeim tíma þegar laganeftardin samþykkti breytinguna tilkynni stofnuninni innan þess tíma að þau staðfesti ekki breytinguna. Í því tilviki er breytingunni hafnað og hún hefur ekkert gildi.

3. All Contracting States to the 1969 Liability Convention as amended by this Protocol, whether or not Members of the Organization, shall be entitled to participate in the proceedings of the Legal Committee for the consideration and adoption of amendments.

4. Amendments shall be adopted by a two-thirds majority of the Contracting States present and voting in the Legal Committee, expanded as provided for in paragraph 3, on condition that at least one half of the Contracting States shall be present at the time of voting.

5. When acting on a proposal to amend the limits, the Legal Committee shall take into account the experience of incidents and in particular the amount of damage resulting therefrom, changes in the monetary values and the effect of the proposed amendment on the cost of insurance. It shall also take into account the relationship between the limits in Article V, paragraph 1, of the 1969 Liability Convention as amended by this Protocol and those in Article 4, paragraph 4, of the International Convention on the Establishment of an International Fund for Compensation for Oil Pollution Damage, 1992.

6. (a) No amendment of the limits of liability under this Article may be considered before 15 January 1998 nor less than five years from the date of entry into force of a previous amendment under this Article. No amendment under this Article shall be considered before this Protocol has entered into force.

(b) No limit may be increased so as to exceed an amount which corresponds to the limit laid down in the 1969 Liability Convention as amended by this Protocol increased by 6 per cent per year calculated on a compound basis from 15 January 1993.

(c) No limit may be increased so as to exceed an amount which corresponds to the limit laid down in the 1969 Liability Convention as amended by this Protocol multiplied by 3.

7. Any amendment adopted in accordance with paragraph 4 shall be notified by the Organization to all Contracting States. The amendment shall be deemed to have been accepted at the end of a period of eighteen months after the date of notification, unless within that period not less than one quarter of the States that were Contracting States at the time of the adoption of the amendment by the Legal Committee have communicated to the Organization that they do not accept the amendment in which case the amendment is rejected and shall have no effect.

8. Breyting sem telst vera staðfest í samræmi við 7. mgr. skal öðlast gildi átján mánuðum eftir staðfestingu hennar.

9. Öll samningsríki skulu vera bundin af breytingunni nema þau segi upp þessari bókun í samræmi við 1. og 2. mgr. 16. gr. að minnsta kosti sex mánuðum áður en breytingin öðlast gildi. Slík uppsögn skal gilda frá þeim tíma er breytingin öðlast gildi.

10. Þegar laganefndin hefur samþykkt breytingu, en átján mánaða tímabilið vegna staðfestingar hennar er ekki útrunnið, skal ríki sem á því tímabili verður samningsríki vera bundið af breytingunni ef hún öðlast gildi. Ríki sem verður samningsríki að því tímabili liðnu skal vera bundið af breytingu sem hefur verið staðfest samkvæmt 7. mgr. Í þeim tilvikum sem um getur í þessari málsgrein verður ríki bundið af breytingu þegar sú breyting öðlast gildi, eða þegar þessi bókun öðlast gildi að því er viðkomandi ríki varðar, ef það gerist síðar.

#### 16. gr.

##### *Uppsögn.*

1. Sérhverjum aðila er heimilt að segja upp bókun þessari hvenær sem er eftir að bókunin öðlast gildi að því er viðkomandi aðila varðar.

2. Uppsögn skal fara fram með því að afhenda skjal þar að lútandi til framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

3. Uppsögn skal öðlast gildi tólf mánuðum eftir að uppsagnarskjalið er afhent framkvæmdastjóra stofnunarinnar, eða eftir lengri tíma sem kann að vera tiltekinn í skjalinu.

4. Að því er varðar aðila að þessari bókun skal uppsögn af hálfu einhvers þeirra á ábyrgðarsamningnum frá 1969 í samræmi við 16. gr. hans ekki teljast uppsögn á ábyrgðarsamningnum frá 1969 eins og honum er breytt með þessari bókun.

5. Ef ríki segir upp bókuninni frá 1992 um breytingu á sjóðssamningnum frá 1971 og er áfram aðili að sjóðssamningnum frá 1971 telst uppsögnin vera uppsögn á þessari bókun. Slík uppsögn skal öðlast gildi sama dag og uppsögn bókunarinnar frá 1992 um breytingu á sjóðssamningnum frá 1971 öðlast gildi samkvæmt 34. gr. þeirrar bókunar.

8. An amendment deemed to have been accepted in accordance with paragraph 7 shall enter into force eighteen months after its acceptance.

9. All Contracting States shall be bound by the amendment, unless they denounce this Protocol in accordance with Article 16, paragraphs 1 and 2, at least six months before the amendment enters into force. Such denunciation shall take effect when the amendment enters into force.

10. When an amendment has been adopted by the Legal Committee but the eighteen-month period for its acceptance has not yet expired, a State which becomes a Contracting State during that period shall be bound by the amendment if it enters into force. A State which becomes a Contracting State after that period shall be bound by an amendment which has been accepted in accordance with paragraph 7. In the cases referred to in this paragraph, a State becomes bound by an amendment when that amendment enters into force, or when this Protocol enters into force for that State, if later.

#### Article 16

##### *Denunciation*

1. This Protocol may be denounced by any Party at any time after the date on which it enters into force for that Party.

2. Denunciation shall be effected by the deposit of an instrument with the Secretary-General of the Organization.

3. A denunciation shall take effect twelve months, or such longer period as may be specified in the instrument of denunciation, after its deposit with the Secretary-General of the Organization.

4. As between the Parties to this Protocol, denunciation by any of them of the 1969 Liability Convention in accordance with Article XVI thereof shall not be construed in any way as a denunciation of the 1969 Liability Convention as amended by this Protocol.

5. Denunciation of the Protocol of 1992 to amend the 1971 Fund Convention by a State which remains a Party to the 1971 Fund Convention shall be deemed to be a denunciation of this Protocol. Such denunciation shall take effect on the date on which denunciation of the Protocol of 1992 to amend the 1971 Fund Convention takes effect according to Article 34 of that Protocol.

17. gr.  
*Vörsluaðili.*

1. Þessi bókun og þær breytingar sem eru samþykktar samkvæmt 15. gr. skulu vera í varðveislu framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

2. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar skal:

a) tilkynna öllum ríkjum sem hafa undirritað eða gerst aðilar að þessari bókun um:

i) sérhverja nýja undirritun eða afhendingu skjals til vörslu, og dagsetningu hennar;

ii) sérhverja yfirlýsingu og tilkynningu samkvæmt 13. gr. og yfirlýsingu og orðsendingu samkvæmt 9. mgr. 5. gr. ábyrgðarsamningsins frá 1992;

iii) gildistökudag þessarar bókunar;

iv) sérhverja tillögu um breytingu á takmörkunum ábyrgðar sem er borin fram í samræmi við 1. mgr. 15. gr.;

v) sérhverja breytingu sem hefur verið samþykkt í samræmi við 4. mgr. 15. gr.;

vi) sérhverja breytingu sem telst vera staðfest samkvæmt 7. mgr. 15. gr., ásamt deginum er breytingin öðlast gildi í samræmi við 8. og 9. mgr. þeirrar greinar;

vii) afhendingu sérhvers skjals um uppsögn á þessari bókun ásamt dagsetningu afhendingar og gildistöku;

viii) sérhverja uppsögn sem talin er hafa farið fram samkvæmt 5. mgr. 16. gr.;

ix) sérhverja orðsendingu sem krafist er samkvæmt greinum þessarar bókunar;

b) senda staðfest rétt eftirrit af þessari bókun til allra ríkja sem hafa undirritað bókunina og allra ríkja sem gerast aðilar að henni.

3. Jafnskjótt og bókun þessi öðlast gildi skal framkvæmdastjóri stofnunarinnar senda eftirrit af henni til skrifstofu Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

18. gr.  
*Tungumál.*

Bókun þessi er gerð í einu frumriti á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir.

GJÖRT Í LONDON hinn 27. nóvember 1992.

Article 17  
*Depositary*

1. This Protocol and any amendments accepted under Article 15 shall be deposited with the Secretary-General of the Organization.

2. The Secretary-General of the Organization shall:

(a) inform all States which have signed or acceded to this Protocol of:

(i) each new signature or deposit of an instrument together with the date thereof;

(ii) each declaration and notification under Article 13 and each declaration and communication under Article V, paragraph 9, of the 1992 Liability Convention;

(iii) the date of entry into force of this Protocol;

(iv) any proposal to amend limits of liability which has been made in accordance with Article 15, paragraph 1;

(v) any amendment which has been adopted in accordance with Article 15, paragraph 4;

(vi) any amendment deemed to have been accepted under Article 15, paragraph 7, together with the date on which that amendment shall enter into force in accordance with paragraphs 8 and 9 of that Article;

(vii) the deposit of any instrument of denunciation of this Protocol together with the date of the deposit and the date on which it takes effect;

(viii) any denunciation deemed to have been made under Article 16, paragraph 5;

(ix) any communication called for by any Article of this Protocol;

(b) transmit certified true copies of this Protocol to all Signatory States and to all States which accede to this Protocol.

3. As soon as this Protocol enters into force, the text shall be transmitted by the Secretary-General of the Organization to the Secretariat of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

Article 18  
*Languages*

This Protocol is established in a single original in the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish languages, each text being equally authentic.

